

LIFANDI MYNDIR Í SKÓLASTOFUNNI

Höfundur efnisins “Lifandi myndir í kennslustofunni”
er BFI Education <https://www2.bfi.org.uk/>

GRUNNAÐFERÐIR Í KENNSLU

Grunnaðferðirnar átta sem lýst er hér á eftir eru settar fram til að styðja ráðningu tákna og hefða kvikmyndarinnar. Aðferðirnar gera þér kleift auka fjölbreytni þess kvikmyndaefnis sem þú notar í kennslustofunni. Um leið og þú og nemendur þínir flysja hvert merkingarlagið á fætur öðru utan af myndinni hjálpar þú þeim að byggja upp færni í að vera gagnrýnir, athugulir og meðvitaðir lesendur kvikmyndaefnis.

Kennsluaðferðirnar eru óháðar aldri. Hægt er að nota þær í hvaða aldurshópi sem er, allt eftir viðfangsefninu, innihaldi þess kvikmyndaefnis sem byggt er á og hversu djúpt á að kafa í viðkomandi verkefni. Hins vegar gætu þér þótt aðferðir 7 og 8 heldur flóknari í eðli sínu og að þær henti þess vegna betur eldri nemendum.

Í fyrstu þremur aðferðunum er áhersla lögð á myndmál kvikmyndaefnisins. Þær veita kennaranum tækifæri til að opna augu nemenda fyrir merkingu sem lesa má úr öllum þáttum kvikmyndaefnis og heildarmerkingunni sem verður til þegar allt kemur saman.

Aðferð 1 Frosinn rammi, þar sem áhersla er lögð á myndmál kvikmyndaefnis.

Aðferð 2, Hljóð og mynd, hjálpar nemendum að gera sér grein fyrir mikilvægi hljóðsins í túlkun á innihaldi kvikmyndaefnisins.

Aðferð 3, Skoðaðu skotin, vekur athygli nemenda á eftirvinnslu myndarinnar. Allar þessar aðferðir má nota í stuttum kennslulotum til þess að byggja upp gagnrýnið innsæi nemenda í eðli kvikmyndaefnis og um leið öryggi þitt gagnvart því að nota kennsluaðferðina við þróun á gagnrýnni og meðvitaðri leiðum í vinnu með kvikmyndaefni.

Í næstu tveimur aðferðum sem kallast Upphaf og endir og Fangaðu áhorfandann, eru skoðaðar leiðir til að framleiða kvikmyndaefni og dreifa til áhorfenda. Mikilvægt er að benda nemendum á að hvert sem viðfangsefnið er þá eigi ekki að taka allt innihald kvikmyndaefnis bókstaflega. Ef þau ætla að nota upplýsingar sem miðlað er í viðkomandi efni á gagnrýninn og uppbyggilegan hátt verða þau að hafa uppruna þess í huga og hvaða hagsmunum efnið kann að þjóna. Upphaf og endir er fremur fljótleg aðferð sem hægt er að nota óformlega í hvert sinn sem myndskeið er notað í kennslu og innleiða með því þá venju að taka vel eftir upplýsingum sem lesa má úr textanum sem birtist í upphafi og við lok kvikmyndaefnis.

Aðferðir 6, 7 og 8, Túlkun, Samanburður á miðlum og Hlutverkaleikur bjóða upp á áþreifanleg verkefni sem vinna má í kennslustofunni og kynna leiðir til þess að breyta innihaldi kvikmyndaefnis og tengja það við annars konar miðlun. Þessi verkefni geta myndað grunn að lokaverkefnum námskeiðs á eldri stigum eða að hópverkefni í bekk þar sem umfjöllunarefni myndar er tekið til meðferðar.

Aðferðirnar eru settar fram í þremur dálkum. Í fremsta dálki er verkefninu sjálfu lýst og í öðrum dálki eru nokkrar einfaldar spurningar sem ættu að hjálpa þér að koma vinnu nemenda af stað eða leiða umræður í bekknum. Námsmarkmiðin eru í þriðja dálki. Efnistökin miðast við kvikmyndaefni en þar sem kvikmyndalæsi styður í raun hvaða viðfangsefni sem er, ætti þetta að vera efni sem getur stuðlað að umræðum og skilningi í þinni námsgrein. Við höfum forðast eins og hægt er að nota klisjulegt orðfæri, en í aðferðunum eru kynnt nokkur einföld og gagnleg tæknileg hugtök sem eru útskýrð í orðasafninu.



Forsíða
Kona fer í stríð (2018)
leikstjórn Benedikt Erlingsson

Prestir (2015)
leikstjórn Rúnar Rúnarsson

1/ FROSINN RAMMI

Grunnaðferð í kennslu

Notaðu pásutakkann til þess að auðvelda nemendum að ræða hvert skot í stuttu myndskaiði eða útdrætti úr kvikmyndaefni (til dæmis 60 sekúndna löngum búi) með því að horfa og ræða:

- Hvað þau sjá í frosna rammanum, hvernig þættir eru staðsettir í myndrammanum, hvernig lýsing og litir hafa áhrif á það sem við sjáum.
- Fjarlægð milli tökuvélar og myndefnis, sjónarhorn, hreyfing tökuvélar í skotinu.
- Hversu mörg skotin eru og hvernig myndaröðin byggir upp upplýsingar og hugmyndir eða hughrif.

Framhaldsverkefni ef vill:

- Notaðu skotaplan eða hugbúnað þar sem hægt er að breyta röð skota eða taka þau út.



Lykilspurningar

- Hvers vegna er skotið byggt upp með þessum hætti?
- Hverju breytti það ef skotið væri byggt upp með öðrum hætti?
- Hvers vegna er tökuvélin staðsett eins og hún er staðsett?
- Hverju breytti það ef hún væri öðruvísi staðsett?
- Hverju breytir það ef röð skota er önnur eða sumum þeirra sleppt?

Námsmarkmið

Nemendur ættu að læra að:

- Sérhver þáttur myndskaiðs getur falið í sér merkingu
- Hægt er að „lesa“ mynd rétt eins og hvern annan texta
- Staðsetning myndefnis í myndrammanum, litir og lýsing hefur allt áhrif á túlkun.
- Fjarlægð milli tökuvélar og viðfangs (þ.e. nærmynd, fjarmynd o.s.frv.), sjónarhorn og hreyfing tökuvélar, allt hefur áhrif á merkingu.
- Fjöldi og röð skota hefur merkingu

Andið eðlilega (2018)
leikstjórn Ísold Uggadóttir


2/ HLJÓÐ & MYND

Grunnaðferð í kennslu

- Breiddu yfir myndflötinn og biddu nemendur að hlusta vel á hljóðrásina í stuttu myndskeiði og lýsa svo nákvæmlega því sem þau heyrðu.
- Nemendur eiga að greina hvaða tegund efnis þau telja að um sé að ræða og greina og lýsa öllum hljóðum sem þau heyra.
- Síðan eiga þau að geta sér til um innihald og yfirbragð myndanna í myndskeiðinu.
- Sýndu svo myndskeiðið og biddu nemendur að ræða hvernig hljóð og mynd spila saman.

Framhaldsverkefni ef vill:

- Prófið eitt eða allt þetta: aðra tónlist, aðrar hljóðbrellur, aðra rödd að lesa sömu orðin eða önnur orð eða fjarlægð alla þessa þætti.
- Ræðið áhrif þessa á hvernig hægt er að túlka myndina.



Lykilspurningar

Um tónlist:

- Hvers konar tónlist er þetta? Hvers konar tilfinningar gefur hún til kynna?

Um hljóðbrellur:

- Hvað heyrir þú nákvæmlega og fyrir hvað gæti það staðið?

Um orð:

- Hvað er sagt og hvað getur þú sagt um þann/þau sem tala/r út frá rödd/um viðkomandi.

Um þögn:

- Hvers vegna heldur þú að þögn ríki á þessum stað í myndskeiðinu? Hvað gæti verið að gerast?

Um að horfa á myndskeiðið að lokum:

- Hverju breytti hljóðið í myndskeiðinu? Hverju myndi það breyta ef einhvern þessara þátta vantaði?

Námsmarkmið

Nemendur ættu að læra að:

- Hljóðrás myndar byggir á fjórum þáttum: tónlist, hljóðbrellum, röddum og þögn. Merkingin byggir á öllum þessum þáttum.
- Hljóði myndar má skipta í tvennt: „Andblær“ (þ.e. samfellt hljóð) og skyndiáhrif (þ.e. hljóð sem stendur stutt).
- Hljóð – sérstaklega tónlist – leggur upp andblæ innihalds myndarinnar og gefur til kynna um hvers konar mynd er að ræða (til dæmis gamanmynd, spennutryllir).
- Hljóð vegur oft þyngra við að átta sig á merkingu myndskeiðs en mynd.
- Hljóð hefur ekki aðeins áhrif á það hvernig áhorfendur túlka myndina heldur einnig á það hvað þeir telja sig sjá.
- Hljóð úr annarri átt getur stuðlað að því að finna merkingu.
- Þögn getur einnig haft mikil áhrif á túlkun myndskeiðs.

Rokk í Reykjavík (1982)
leikstjórn Friðrik Þór Friðriksson

3/ SKOÐAÐU SKOTIN

Grunnaðferð í kennslu

- Eftir að hafa horft einu sinni á stutt myndskleið geta nemendur upp á fjölda skota.
- Þegar þau horfa í annað sinn á myndskleiðið merkja þau við hverja breytingu á skoti, tókustað og hljóði (notaðu pásutakkann ef þörf krefur).
- Þegar horft er í þriðja sinn fylgjast þau vel með því hvernig skipt er milli skota (þ.e. með því að klippa, blanda, deyfa (fade), fletta (wipe) o.s.frv.) og hvort hvort hljóðið breytist samtímis.
- Einnig ættu þau að tímamæla hvert skot.

Framhaldsverkefni ef vill:

- Skrifðu handrit eða skotaplan til þess að styðja greiningu nemenda á atriðaruninni. Því næst er hægt að að ímynda sér hvernig breyta mætti myndskleiðinu, þ.e. með því að fjarlægja skot eða breyta röð þeirra.
- Ef slíkur hugbúnaður er fyrir hendi geta nemendur endurklippt skotin stafrænt eða breytt atriðaröð og tímasetningum.



Lykilspurningar

- Hversu löng er atriðaröðin? Hversu langur er sögutíminn sem atriðaröðin stendur fyrir?
- Hvaða nýjar upplýsingar eða hughrif fáum við gegnum hvert nýtt skot?
- Hvaða upplýsingar eða hughrif fáum við gegnum hverja breytingu á hljóði?
- Hvers vegna er hljóðinu breytt með þessum hætti? Hverju myndi það breyta ef hljóðinu væri breytt með öðrum hætti?
- Hvers vegna er þessi lengd höfð á skotinu? Byggir tímaáætlunin upp takt eða mynstur? Hvaða áhrif hefur það?

Námsmarkmið

Nemendur ættu að læra að:

- Fjöldi, röð og lengd skota í myndskleiði byggja upp merkingu þess og sú vinna fer fram í eftirvinnslnunni.
- Skjátími og sögutími er yfirleitt ekki sá sami, eftirvinnslan stýrir sögutímanum fyrir áhorfandanum.
- Með hverju nýju skoti eiga að bætast við upplýsingar eða hughrif, skipting milli skota eru ekki eingöngu til þess að viðhalda áhuga áhorfandans.
- Hraði og taktur í klippingu og skiptingar eru einnig notaðar til þess að bæta við merkingu.
- Skiptingar í hljóði passa ekki endilega við skiptingar milli skota, sérstaklega má gera ráð fyrir slíku ósamræmi í leiknum myndum en það getur gegnt því hlutverki að skapa stemningu svo sem spennu.
- Ákveðnar gerðir atriðaruna eru mjög algengar: til dæmis skot/gagnskot í samtali eða viðtali og ef persóna horfir út úr mynd er líklegt að á eftir komi skot af því sem persónan var að horfa á.

Fúsi (2015)
leikstjórn Dagur Kári

4/ UPPHAF & ENDIR

Grunnaðferð í kennslu

- Sýnið textann í upphafi hvaða kvikmyndaefnis sem er og notið einhverja af aðferðum 1 til 3 til þess að hjálpa nemendum að greina um hvers konar mynd er að ræða, til hvaða markhóps hún eigi að höfða og til þess að reyna að segja fyrir um innihald hennar og boðskap.
- Sýndu aðstandendalista í upphafi og/eða við lok kvikmyndaefnisins og ræddu upplýsingarnar sem hann veitir um uppruna og eignarhald efnisins, hvernig það var framleitt og hvernig því var dreift til áhorfenda.



Lykilspurningar

- Er þetta kvikmynd eða sjónvarpsþáttur?
- Er um að ræða heimildamynd eða leikna?
- Hverjum er hún ætluð?
- Um hvað er hún?
- Hver bjó hana til?
- Hver á hana?
- Hvers vegna ætli hún hafi verið búin til?
- Hvaða hlutverk höfðu þau sem komu að gerð hennar?
- ...Og hvernig veistu þetta?

Námsmarkmið

Nemendur ættu að læra að:

- Textinn í upphafi myndar staðsetur innihald hennar og „selur“ áhorfendum. Hann getur verið mjög skýr varðandi það um hvers konar mynd er að ræða, innihald, áhorfendur og tilgang eða verið óljós til þess að vekja forvitni.
- Upplýsingar um höfund, hver fjármagnaði myndina og hver á hana, geta varað við þeim hagsmunum sem hún stendur fyrir – og stendur ekki fyrir, eða upplýsingarnar geta verið misvísandi.
- Þau sem koma að gerð kvikmyndaefnis gegna margvíslegum hlutverkum og hafa áhrif á innihald efnisins, yfirbragð og merkingu.
- Líklegt er að eitt fyrirtæki framleiði kvikmyndaefni og annað dreifi því.

Hjartasteinn (2016)
leikstjórn Guðmundur Arnar Guðmundsson

5/ FANGAÐU ÁHORFANDANN

Grunnaðferð í kennslu

- Nemendur safna upplýsingum í pörum eða hópum um markaðssetningu og dreifingu kvikmyndaefnisins til áhorfenda: til dæmis á listum yfir sjónvarpsefni, sem kennslugögn, á listum yfir myndbönd, sölusýningum, vefsíðum, veggspjöldum, í auglýsingum, stiklum, stigamati á sjónvarpsefni, upplýsingum í miðasölu kvikmyndahúsa, umsögnum, fréttatilkynningum, fréttum.
- Hópar eða pör kynna niðurstöður (til dæmis með framsögu, á veggspjaldi o.s.frv.) fyrir bekkjarsystkinum sínum og greina lykilatriði varðandi góðan eða slæman árangur viðkomandi kvikmyndaefnis við að ná til áhorfenda og koma boðskap sínum á framfæri.



Lykilspurningar

- Hvaða aðferðir voru notaðar til þess að kynna áhorfendum þetta kvikmyndaefni?
- Hvers vegna voru þessar aðferðir notaðar en ekki aðrar?
- Hvaða aðilar komu að kynningu á kvikmyndaefninu og hvers vegna?
- Brugðust áhorfendur við eins og framleiðendurnir höfðu ætlað? Ef ekki, hvers vegna?
- Var vísitandi ýtt undir að fjölmiðlar sýndu fálæti. Hjálpaði það eða skaðaði kvikmyndaefnið? Hvernig?

Námsmarkmið

Nemendur ættu að læra að:

- Meirihluti kvikmyndaefnis keppir um athygli áhorfenda á stórum markaði.
- Hægt er að kynna kvikmyndaefni gegnum margs konar miðla.
- Stefnumótun fyrir markaðssetningu og kynningar eru lykilþáttur á flestum sviðum kvikmyndaiðnaðar.
- Flest fjölmiðlafyrirtæki og dreifingaraðilar eru hluti af stærri samsteypum og geta leitað til margs konar fyrirtækja til að aðstoða við að kynna vörur sínar.
- Viðbrögð áhorfenda eru mæld og niðurstöður í framhaldinu nýttar í framleiðslu og kynningarstarfsemi.
- Framleiðsla og dreifing kvikmynda er yfirleitt bæði kostnaðarsöm og áhættusöm.

Regína (2001)
leikstjórn María Sigurðardóttir

6/ TÚLKUN

Grunnaðferð í kennslu

- Nemendur „þýða“ texta myndefnis – til dæmis heimildarmyndar, sjónvarpsfréttar, sjónvarps- eða bíóauglýsingar eða senu úr bíómynd í fullri lengd – yfir á ritað form, svo sem grein í dagblaði, tímaritsgrein, útdrátt úr skáldsögu, í smásögu eða ljóð.
- Nemendur þýða ritaðan texta yfir á kvikmyndaform, fyrst sem handrit eða skotaplan og svo, ef það er hægt, sem myndskleið (stuttan útdrátt eða kynningu á einni senu).

Lykilspurningar

- Hvað er hægt að segja í rituðu máli sem ekki er hægt að segja eða sýna á formi kvikmyndar?
- Hvað er hægt að segja eða sýna á formi kvikmyndar sem ekki er hægt að segja í rituðu máli?
- Hvaða miðil telur þú að best sé að nota til að miðla þeirri sögu/upplýsingum/ hugmyndum sem þú vilt koma á framfæri?
- Er einhvern tíma hægt að „þýða“ algerlega frá einum miðli til annars?

Námsmarkmið

Nemendur ættu að læra að:

- Merking getur breyst þegar upplýsingar eru settar fram með mismunandi leiðum eða færðar yfir á annan miðil.
- Hver miðill hefur sitt eigið tungumál, hefðir og undirflokka.
- Sumt efnisinnihald og -bygging er betra að miðla á formi kvikmyndar en annað fer betur á prenti.



Kaf (2019)
leikstjórn Elín Hansdóttir, Hanna Björk
Valsdóttir, Anna Rún Tryggvadóttir

7/ SAMANBURÐUR Á MIÐLUM

Grunnaðferð í kennslu

Nemendur geta notað grunnaðferðir 1-6 til þess að:

- Bera saman hvernig unnið er með umfjöllunarefni í tveimur mismunandi miðlum og/eða fyrir tvo mismunandi áhorfendahópa.
- Bera saman lykilatvik í skálduðum texta og tveimur mismunandi kvikmyndaútgáfum af verkinu.
- Bera saman á sama hátt meðferð sama umfjöllunarefnis í heimildaefni og leiknu efni.

Lykilspurningar

- Hvaða þættir eru óbreyttir og hvað breytist (og hvernig) milli áhorfendahópa?
- Hvernig heldur textamiðillinn annars vegar og kvikmyndin hins vegar utan um „bókmenntalega“ þætti svo sem tíma, persónur, umhverfi, halda í áhorfanda/lesanda, o.s.frv.?
- Hvað fæst og hvað tapast í hvoru formi um sig?

Námsmarkmið

Nemendur ættu að læra að:

- Framsetning á hópum, málefnum, gildum eða hugmyndum er mismunandi eftir því um hverskonar miðil er að ræða, eðli miðilsins og viðtakendahópi.
- Hægt er að aðlaga prentaðan texta að ýmiss konar myndmiðlun.
- Hægt er að miðla efnisinnihaldi með árangursríkum hætti bæði gegnum heimildamynd og leikna mynd og erfitt getur verið að draga mörkin milli staðreynda og skáldskapar.



Svanurinn (2017)
leikstjórn Ása Hjörleifsdóttir

8 / HLUTVERKALEIKUR

Grunnaðferð í kennslu

Nemendum er raðað í hópa eða paraðir saman tveir og tveir. Þeim er fengið hlutverk framleiðanda kvikmyndaverks sem er til og notað sem námsefni í hvaða námsgrein sem er og þau beðin um að gera áætlun um hvernig þau myndu

- aðlaga efnið eða endurgera fyrir annan aldurshóp,
- „selja“ efnið öðrum áhorfendahópi,
- gagnrýna það út frá tilteknu sjónarhorni,
- framleiða efnið á öðru formi.

Hóparnir/pörin kynna áætlanir sínar fyrir kennaranum eða öðrum nemendahópum sem taka á sig hlutverk ritstjóra eða aðalframleiðanda.



Lykilspurningar

- Hvers vegna völduð þið þennan aldurshóp/áhorfendahóp?
- Hvað í kvikmyndaverkinu höfðar ekki til eða skilst ekki í nýja áhorfendahópnum?
- Hvaða þætti úr efninu er hægt að nota til þess að selja það öðrum áhorfendahópi?
- Hvaða aðferðir væru heppilegastar til þess að höfða til þess áhorfendahóps?
- Út frá hvaða sjónarhorni gagnrýnið þið efnið eða mælið með að endurvinnna það?
- Hverjar eru staðreyndirnar að baki röksemdafærslu ykkar?
- Hver er áhorfendahópur nýju útgáfunnar?

Námsmarkmið

Nemendur ættu að læra að:

- Meirihluti kvikmyndaefnis er framleiddur innan ramma ritstjórnar og takmarkana svo sem: tíma, fjárhagsáætlunar, samhengis, tilgangs o.s.frv.
- Innihald og form er mismunandi miðað við áhorfendur og tilgang.
- Þegar markhópi efnis er breytt getur það breytt siðferðilegum eða lagalegum þáttum sem hafa áhrif á það hvað er hægt eða ekki hægt að segja og sýna.
- Gagnrýni á efni sem er fyrir hendi verður að byggja á traustum staðreyndum sem sækja má bæði í efnið sjálft og aðrar heimildir.
- Alltaf má leita nýrra leiða.

Við tökum á
Sveitabréðkaup (2008)